

Viðauki 4

Samráð við val á lagnaleið

Lögbýli	Umsagnaraðili	Ábending eigenda	Afstaða Ljósleiðarans	Niðurstaða um val á lagnaleið
[Lögbýli]	[Nafn]	<p><i>Þannig háttar til við veginn sem liggur á austurbæina - þ.e. frá gatanamótum Þykkvabæjarveggar og austur að Borg/Eyrartúni/Bala/Húnakoti - að með veginum er skurður sem er einungis um 3 metra frá vegkanti. Af þessum skurði er þónokkur slyshætta og hefur Vegagerðinni verið margoфт bent á það, án þess að þeir hafi treyst sér í að flytja skurðinn fjær veginum og minnka þannig slyshættuna af honum. Skurðurinn er norðan við veginn, sunnan vegar eru svo ljósastaurar/götulýsing.</i></p> <p><i>Mögulegt væri að óska eftir því við Vegagerðina að þær lagnir sem eru í deiglunni núna, yrðu settar í þennan skurð, hann yrði svo færður í eðlilega vegalengd frá veginum þannig að þar yrði gerður nýr skurður og mokað ofan í þennan sem fyrir er og yfir lagnirnar. Þessi framkvæmd myndi kalla á að Vegagerðin þyrfti að flytja nokkur ræsi, sem eru annað hvort heimkeyrslur að bæjum eða til að hægt sé</i></p>	<p>Lagnaleið sem lýst er af [...] fylgir töluvert meira rask, þveranir á vegum og slóðum með tilheyrandi hættu á sliti á öllum þeim lögnum sem liggja um stofnveg innan Þykkvabæjar. Eins þyrfti að þvera skurði og girðingar í meiri mæli en fyrirhuguð lega LL. Þetta myndi þýða aukinn kostnað fyrir LL auk þess að lengja lagnaleið.</p>	Óbreytt

		<p><i>að komast inn á tún og úthaga norðan vegarins.</i></p> <p><i>þegar svo komið væri að gatnamótum Þykkvabæjarvegarins, væri mögulegt að fara upp með honum þannig að hægt sé að komast norður fyrir Kartöfluverksmiðjuna og bæina inni í þorpi í stað þess að fara meðfram veginum gegnum þéttasta kjarna þorpsins.</i></p> <p><i>Ljóst er að þessi lagnaleið yrði aldrei óumdeild, en hugsanlegt að einhverjum myndi hugnast hún betur en sú sem nú er fyrirhuguð og mikil andstaða við.</i></p>		
[Lögbýli]	[Nafn]	[...] sendir inn rissu af lagnaleið sem liggur töluvert sunnar en fyrirhuguð lagnaleið LL, í sandinum en þó svipuð leið engu að síður.	Fyrirhuguð lagnaleið LL er innan gróðurlínu þar sem lagning í sandinum, sem er á mikilli hreyfingu, tryggir ekki öryggi fjarskiptalagna. LL hefur reynslu af svipuðum aðstæðum á Landeyjasandi. Á þessu svæði verður niðurgrafin tenging á ljósleiðarastrengnum og mikilvægt að sú tenging sé á tryggðu svæði sem ekki hreyfist jafn mikið og sandurinn gerir.	Óbreytt
[Lögbýli]	[Nafn]	„Ljósleiðarastrengurinn á að liggja á aðeins 1. meters dýpi, sem er alltof grunnt miðað við að hann á að plægja í sendinn jarðveg, sem getur blásið upp eða runnið til í vorleysingum þar af leiðir að Ljósleiðarastrengurinn getur þess vegna legið	Val á lagnaleið tekur einmitt mið af jarðveg á svæðinu og því er fyrirhuguð lagnaleið inn fyrir gróðrarlínu. Ljósleiðarinn hefur reynslu af legu ljósleiðara í	Óbreytt

		<p><i>mun nær yfirborðinu án þess að það sé sýnilegt bændum sem þurfa að djúplægja til að auka frjósemi akra sinna. Dýpt plóga eru allt að 1 meter eða jafnvel meira.</i></p> <p><i>Við gröft á nýjum framræsluskurðum er oftast ekki um að ræða grynri skurði en 2 metra einkum í hallalitlu landi eins og er oftast til að dreifa við val á skurðstæði í Háfshverfi og Þykkvabæjarlandi því er alltof grunnt að plægja strenginn aðeins niður á 1 meter, nema ef plægt væri í veghelgunarsvæði Ásvegar nr. 2995, en þar fara framræsluskuðir ekki um.</i></p> <p><i>Annar kostur en að rýra og skemma akurlendur bænda í einkaeign er til staðar, en virðist ekki hafa verið kannaður en er þó líklega heppilegasti kosturinn, það er sæstrengur milli Landeyjasands og Þorlákshafnar og krefst ekki skemmda á ræktarlandi bænda og því á allan hátt heppilegri.“</i></p> <p><i>... „Mynd sem fylgi óskýr og ekki hægt að átta sig á hvort ljósleiðarinn er norðan eða sunnan við veginn óska eftir korti með hnitsetningum þar sem fyrihugað er að fara um landi [...].“</i></p>	<p>sambærilegu landslagi.</p> <p>Út frá framangreindu þarf ekki að fara dýpra en 1 meter, sbr. almennar leiðbeiningar Fjarskiptastofu um lagningu ljósleiðara og ekki þarft að hnika lagnaleið yfir í veghelgunarsvæðið sem um ræðir.</p> <p>Sæstreng fylgja ýmsar kvaðir og hafa þarf í huga veiðilöggjöf og helgunarsvæði í kringum sæstrengi. Kostnaðarmargfalda ri er á lagningu sæstrengja umfram lagningu ljósleiðaralagna í jörðu.</p>	
[Lögbýli]	[Nafn]	Sjá skjáskot af bréfi frá eigendum [...] neðst í þessu bréfi	Það sem varðar náttúruvernd þá er sú lagnaleið sem Ljósleiðarinn hefur útlistað m.a. valin út frá því að lágmarka	Óbreytt

			<p>rask á náttúrunni og umhverfisáhrifum af lagningu ljósleiðara. Sjónarmið landeigenda um „ósnortið“ land getur vart átt við þegar um er að ræða land sem er unnið að því að græða upp, þá er ótalið að um landið liggur reiðstígur og aukin heldur fjórhjólaferðir sem fara um umrætt land. Í kjölfar lagningar ljósleiðara um sambærilegt landsvæði og það landsvæði sem fyrirhuguð lagnaleið fer um sjást lítil sem engin ummerki í kjölfar lagningar. Varðandi tillögu landeigenda að lagnaleið þá varðar það m.a. öryggi fjarskipta sem og annarra lagna sem liggja í vegstæði sem um ræðir að fara með ljósleiðarann aðra lagnaleið en tillaga landeigenda snýr að. Það eru sífellt gerðar meiri kröfur um mismunandi lagnaleiðir í fjarskiptum auk þess sem sú lagnaleið sem kynnt er í gögnum Ljósleiðarans veldur minna umhverfisraski og minni kostnaði en sú sem landeigendur leggja þarna til.</p>	
--	--	--	---	--

			Varðandi það að "allir landeigendur" séu á sama máli þá fara landeigendur hreinlega með rangt mál þar, sbr. önnur gögn og umsagnir annarra landeigenda.	
[Lögbýli]	[Nafn]	Strengirnir eru lagðir í gegnum skurð (ós) sem reglulega þarf að grafa upp til að ræsa fram land vegna hárra vatnstöðu á svæðinu. Það hefur ekki komið fram hvernig sú framkvæmd yrði framkvæmd.	Hreinsað var upp úr skurðinum í fyrra. Það verður gert aftur núna til þess að tryggja sem mesta dýpt á lögninni í skurðbotninum. Þá verða bakkar skurðarins grafnir niður til þess að ýtan fari fyrir á meira dýpi með lögnina. Bakkarnir verða svo lagfærðir.	Óbreytt